

# Upplýsingastefna Internets á Íslandi hf.

Hér eftir félagið, ISNIC, Modernus, eða RIX. Stefna þessi gildir fyrir alla okkar þjónustu:

[www.isnic.is](http://www.isnic.is), [www.modernus.is](http://www.modernus.is) og [www.rix.is](http://www.rix.is)

Starfsmenn og stjórn ISNIC eru meðvituð um sérstakt hlutverk félagsins, ábyrgð þess og skyldur gagnvart einstaklingum, félögum, stjórnvöldum og internetsamfélaginu. Sjá einnig stutt ágríp úr sögu internets á Íslandi: <https://www.isnic.is/is/about/isnic> og viðskiptaskilmála félagsins: <https://www.isnic.is/is/about/terms>

## Yfirlýsing:

**Félagið lýsir því yfir að það uppfylli evrópsk lög um persónuvernd (GDPR). Það lofar að láta persónugreinanleg gögn ekki af hendi til þriðja aðila nema með samþykki notenda, eða viðskiptamanns, utan þess sem nauðsynlegt kann að vera til að stofna bankakröfu o.þ.h. eða að kröfu íslenskra yfirvalda.**

**Með því að nýta þjónustu félagsins samþykkir þú söfnun og meðhöndlun okkar á upplýsingum um þig samkvæmt þessari upplýsingastefnu.**

Hvernig upplýsingum söfnum við?

Félagið aflar og geymir eingöngu upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að uppfylla skyldur þess um þjónustu gagnvart viðskiptavinum. Þetta eru einkum upplýsingar um nafn, heimilisfang, kennitölu, símanúmer, farsímanúmer, og netfang viðskiptamanna félagsins og tengiliða þeirra. Upplýsingarnar eru notaðar til þess að geta veitt þjónustuna yfir internetið, sent reikninga, stofna bankakröfur, innheimt skuldir, sent mikilvægar tilkynningar og til birtingar í rétthafaskrá ISNIC (e. Whois) t.d. svo aðrir aðilar geti látið viðkomandi rétthafa vita af rekstrarörðugleikum.

## Öryggi gagna.

Félagið leggur höfuðáherslu á upplýsingaöryggi, bæði hvað varðar afritun gagna, innan- og utanhúss, sem og innbrotsvarnir. Í þessu augnamiði vistar félagið sjálf tölur og allan hugbúnað, á eigin vélum og rekur eigin vélarsal í Reykjavík, sem enginn utanaðkomandi hefur

aðgang að. Utanhússafrítun er einnig í Reykjavík. Aðeins tæknilegar upplýsingar (svonefndar DNS-upplýsingar) léna eru geymdar á fjölmörgum stöðum (e. Anycast) víðsvegar um heiminn til að tryggja virkni .is léna um gjörvallt internetið.

## Gagnaeyðing.

Upplýsingum um óvirka notendur, sem hvorki tengjast virkri þjónustu né viðskiptum, er eytt 6 mánuðum eftir síðustu hreyfingar. Viðskipta- og bókhaldsupplýsingum, sem eru eldri en sjö ára, er annaðhvort eytt eða hluti þeirra sendur Þjóðskjalasafni Íslands.

## Þjónustur félagsins (e. services)

### ISNIC

#### Rétthafaskrá ISNIC (e. Public Whois Service)

Hverju er safnað? ISNIC aflar og geymir upplýsingar um nafn, kennitölu, símanúmer, farsímanúmer, netfang og heimilisfang rétthafa .is-léna og tengiliða þeirra í svonefndri rétthafaskrá (e. Whois) og veitir takmarkaðan aðgang að henni á vef ISNIC.

Til hvers birtir ISNIC upplýsingar opinberlega? Til þess að internetþjónustuaðilar, rétthafar og aðrir sem á þurfa að halda geti aflað nauðsynlegra upplýsinga með einföldum hætti.

Þó felur ISNIC sjálfkrafa nafn, kennitölu, símanúmer, farsímanúmer og heimilisfang (að frátöldu landi) þeirra sem merktir eru sem einstaklingar í rétthafaskrá, en birtir uppgefið netfang, enda er netfangið nauðsynleg forsenda þess að aðrir geti haft samband við viðkomandi varðandi rekstur léns.

Athugið sérstaklega! Margir rétthafar hafa viðskiptalega hagsmuni af því að birta upplýsingar um rétthafa lénsins og tengiliði þess opinberlega í rétthafaskrá. ISNIC birtir nafn og heimilisfang þeirra tengiliða og rétthafa, sem hafa kosið að birta það og valið „Birta í rétthafaskrá“ undir liðnum „Mínar stillingar“ eftir innskráningu á vef ISNIC.

*Skoðið hvernig ISNIC birtir upplýsingar um rétthafa og tengiliði léns t.d. með því að fletta upp eigin léni, eða einhverju léni í eigu einstaklings, í Whois leitarglugganum efst á <https://www.isnic.is/is/>*

#### Rekstur upprunanafnaþjóna .is (e. Authoritative name servers)

Engin persónugreinanleg gögn verða til við veitingu þjónustunnar og enginn búnaður er til staðar til að skoða innihald umferðar sem kemur til höfuðnafnaþjóna í rekstri hjá ISNIC en tölulegar upplýsingar eru unnar úr umferð sem kemur til upprunanafnaþjóna ISNIC.

## Modernus

### Vefmælingin Teljari.is®

Teljarinn aflar upplýsinga um ip-tölur notenda vefmiðla, en engra persónugreinanlegra gagna. Gögnin um netnotkun eru geymd ótímabundið í rannsóknarskyni í gagnagrunni félagsins. Aðgangsupplýsingar (nafn, netfang og símanúmer) notenda eru geymd svo lengi sem þau eru í notkun. Sjá Veflistann: <http://veflistinn.is/>

### Vafrakökur (e. Cookies).

Félagið notar eingöngu eigin vefmælingu, Teljari.is / Modernus, fyrir alla vefi félagsins. Hún dreifir textaskrá (cookies) til vafra notenda, sem vista þær í skyndiminni eða á hörðum disk. Tilgangurinn er annars vegar söfnun og stýring á nauðsynlegum tæknilegum upplýsingum og hins vegar að safna upplýsingum um hvenær og hvaðan notendur vefsins komu, s.s. Ip-tölur, bæir, borgir, lönd, svæði og tilvísanir (URL) sem og hvaða síður vefsins þeir skoða. **Engum persónugreinanlegum upplýsingum er safnað.**

### Svarbox® netspjallið (e. Chat or Messenger)

Svarbox.is vistar sjálfkrafa skrifuð samskipti (spjall, e. chat) milli þjónustufulltrúa kaupenda þjónustunnar og viðskiptamanna þeirra. Gögnin eru eingöngu vistuð hjá Modernus og aldrei afhent þriðja aðila. Þau eru geymd ótímabundið, nema viðskiptamaður biðji um eyðingu þeirra skriflega (sjá neðast). Greiðslukortanúmer eru sjálfkrafa afmáð, utan 4 síðustu tölustafanna. Aðgangsupplýsingar (nafn, netfang og símanúmer) notenda eru geymd svo lengi sem þau eru í notkun. Sjá nánar á svarbox.is.

### Vefvöktun

Varðhundurinn®, vaktar tengi- og uppitíma vefþjóna. Engum persónugreinanlegum upplýsingum er safnað, en aðgangsupplýsingar (nafn, netfang og símanúmer) notenda eru geymd í gagnagrunni Modernus svo lengi sem þau eru í notkun.

## RIX (Reykjavík Internet Exchange)

RIX er skiptistöð íslenskra internetþjónustuaðila, þar sem þeir (eingöngu netfyrirtæki) geta skiptst á netumferð sín á milli og komið þannig í veg fyrir að innanlandsumferð flæði um útlandasambönd með tilheyrandi viðbótarkostnaði og töfum. Engin persónugreinanleg gögn

verða til við veitingu þjónustunnar og enginn búnaður er til staðar til að skoða innihald umferðar sem um RIX fer. ISNIC áskilur sér rétt til að birta samanteknar magntölur um umferð.

## Réttur þinn til upplýsinga.

Skv. lögum um persónuvernd (GDPR) áttu rétt á því að fá að vita hvaða upplýsingar félagið hefur um þig og fá þeim breytt ef þær eru rangar, eða fá þeim eytt ef önnur og veigameiri ástæða hindrar það ekki. Vinsamlega sendið undirritaða fyrirspurn, ásamt netfangi, um þetta merkt “Mínar persónulegu upplýsingar” til:

Internet á Íslandi hf.  
Katrínartúni 2, 18. hæð.  
105, Reykjavík.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

F.h. Internets á Íslandi hf.

Jens Pétur Jensen,  
framkvæmdastjóri.